



FRÉTTATILKYNNING

FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2013

Framsetning og vinnsla

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er sett fram í samræmi við 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar sem samþykktar voru af borgarráði 9. febrúar 2012. Áætlunin samanstendur af samstæðuáætlun af A og B hluta, sbr. 60. gr. laganna. Frá og með ársbyrjun 2013 breytir Reykjavíkurborg reikningsskilaaðferðum sínum á þann hátt að fjárfestingaeignir Félagsbústaða verða færðar á gangverði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um ársreikninga en þær hafa áður verið færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Félagsbústaðir eru alfarið í eigu Reykjavíkurborgar. Breytingin miðast við 1. janúar 2013 en í þessari samstæðuáætlun nota Félagsbústaðir útkomuspá 2012 samkvæmt þessari reglu til að gera gögnin samanburðarhæfari á milli ára. Minnt er á í þessu sambandi að reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur hafa um árábil byggt á IFRS uppgjörstöðlum. Uppgjör A-hluta og annarra B-hluta fyrirtækja byggja á kostnaðarverðsaðferð. Framsetning samstæðuáætlunar byggir á ofangreindum reikningsskilaaðferðum.

A-hluti samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Í Aðalsjóði birtist rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa borgarinnar sem fjármagnaður er með skatttekjum og þjónustutekjum. Í Eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna, auk sérstakra skipulagsverkefna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, s.s. vegna innri leigu og fasteignaskatta, jafnað út á milli A-hluta stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstrareiningar sem falla undir B-hluta eru: Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu leyti fjármagnaður með framlögum frá eignaraðilum og er hlutur Reykjavíkurborgar gjaldfærður hjá Aðalsjóði. Hluti af þjónustutekjum Íþrótt- og sýningahallar og Sorpu er hluti af gjöldum málaflokka innan Aðalsjóðs. Að öðru leyti eru fyrirtækin fjármögnuð með þjónustutekjum. Í áætlun samstæðu er milliviðskiptum jafnað út milli A-hluta og B-hluta.



Samstæða

Rekstrarniðurstaða fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2013 er áætluð 7,6 milljarðar. Samkvæmt útkomuspá 2012 nemur halli af rekstri tæpum 1,0 milljarði og nemur viðsnúningurinn 8,6 milljörðum. Áætlað er að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði tæplega 19,4 milljarðar sem er um 1,3 milljörðum eða 7,2% betra en útkomuspá 2012 sem skýrir viðsnúning að hluta til, en að öðru leyti skýrist hann af hagstæðari niðurstöðu fjármagnsliða. Fjármagnsgjöld eru áætluð 9,3 milljarðar en verða skv. útkomuspá 20 milljarðar. Óhagstæð gengispróun ársins 2012 og há verðbólga skýra útkomuspá fjármagnsliða árið 2012.

Áætlað er að rekstrartekjur aukist um 7,7 milljarða eða um 6,5% en rekstrargjöld aukist um 6,4 milljarða eða 6,4%

Tafla: Fjárhagsáætlun samstæðu og samanburður á milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013	Áætlun br. frá 2012
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	11.459	18.071	19.373	7,2%
Rekstrarniðurstaða	-4.675	-995	7.567	860,6%
Rekstrartekjur	108.868	118.661	126.391	6,5%
Rekstrargjöld	97.409	100.590	107.018	6,4%
Fjármagnsliðir	-22.691	-19.951	-9.275	53,5%
Eignir	464.700	461.192	453.509	-1,7%
Skuldir og skuldbindingar	318.170	315.571	300.253	-4,9%
Eigið fé	138.639	137.729	145.364	5,5%
Handbært fé frá rekstri	24.885	25.309	28.519	12,7%
Fjárfestingahreyfingar	-18.414	-9.983	-9.230	-7,5%
Fjármögnunarahreyfingar	-9.770	-12.844	-20.909	62,8%
Handbært fé í árslok	15.744	18.226	16.606	-8,9%

Áætlað er að eignir á árinu 2013 lækki um 1,7%, skuldir og skuldbindingar dragist saman um 5,0% og eigið fé aukist um 7,6 milljarða eða 5,5%.

Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 9,2 milljarðar. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar um 15,4 milljarðar, þar af hjá Orkuveitu Reykjavíkur um 4,6 milljarðar, Eignasjóði 6,6 milljarðar, Félagsbústöðum 1,1 milljarða, Faxaflóahöfnum 1,2 mkr, Sorpu 1,1 mkr, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 430 mkr, Strætó 260 mkr, og Bílastæðasjóði 50 mkr. Til samanburðar gerir útkomuspá ráð fyrir að fjárfestingar nemi um 13,1 milljarði.

Fjármögnunarahreyfingar eru áætlaðar 20,9 milljarðar. Áætlað er að lántökur árið 2013 nemi alls 6,2



milljörðum en til samanburðar verða þær um 5,9 milljarðar árið 2012 en voru tæplega 9 milljarðar 2011.

Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána nemi 27,1 milljarði árið 2013 en í útkomuspá 2012 nema þær 18,8 milljörðum. Til samanburðar námu afborganir langtímalána árið 2011 aðeins 13,2 milljörðum.

Gert er ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur greiði niður skuldir að fjárhæð 24,7 milljarðar árið 2013 en gert ráð fyrir hraðri niðurgreiðslu skulda fram til ársins 2016. Á móti er gert ráð fyrir að lántökur nemi 4,3 milljörðum. Útkomuspá gerir ráð fyrir að afborganir verði um 14,5 milljarðar á þessu ári og ný langtímalán nemi um 1,6 milljörðum. Árið 2011 námu lántökur 13,8 milljörðum en afborganir um 10,5 milljörðum.

A-hluti Reykjavíkurborgar áætlað að greiða niður skuldir að fjárhæð 1,5 milljarðar en á móti er gert ráð fyrir 3,3 milljarða lántöku vegna nýfjárfestinga. Gert er ráð fyrir að lántaka A-hluta nemi um 50% af áætluðum fjárfestingum en það sem eftir stendur eða 50% verði fjármagnað úr rekstri. Félagsbústaðir gera ráð fyrir nýjum lánum að fjárhæð 1,1 milljarði vegna íbúðafjárfestinga, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins áformar um 430 mkr lántökur vegna byggingar á nýrri slökkvistöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ og Sorpa áformar um 1.000 mkr lántökur einkum vegna framkvæmda við nýja gasgerðarstöð.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 28,5 milljarðar og hækkar um 3,2 milljarða miðað við útkomuspá. Áætlað er að handbært fé verði 16,6 milljarðar hjá samstæðu Reykjavíkurborgar í árslok.

Taflan hér að neðan sýnir helstu kennitölur í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tafla. Kennitölur samstæðu A- og B-hluta

	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013
Eiginfjárlutfall	28,7%	26,4%	30,8%	29,8%	29,9%	32,0%
Arðsemi eigin fjár	N/A	-1,6%	9,8%	-3,4%	-0,7%	5,2%
Veltufjárlutfall	1,04	1,06	1,05	0,91	0,84	1,08
Skuldsetningarlutfall	211%	239%	201%	195%	189%	171%
Uppgreiðslutími	15	15	16	12	11	10


Eiginfjárlutfall er mælt sem eigið fé á móti heildareignum og arðsemi eigin fjár er mælt sem eigið fé á móti hagnaði ársins. Veltufjárlutfall er skilgreint sem veltufjármunir á móti skammtímaskuldum og uppgreiðslutími skulda er mældur sem samtala langtímaskulda og skuldbindinga á móti veltufé frá rekstri.

Áætlun 2013 gerir ráð fyrir að kennitölur fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar batni m.v. árið 2012. Eiginfjárlutfall styrkist aftur og verði komið í 32% í árslok 2013 og veltufjárlutfall hækki og er það áætlað 1,08. Skuldsetningarlutfall, mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigið fé, er viðvarandi




hátt.

Mynd: Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir og eftir fjármagnsliði (mkr)



Mynd: Skuldir samstæðu með og án lífeyrisskuldbindinga (mkr)



Rétt er að benda á að samstæðan er viðkvæm fyrir breytingum á ytri forsendum. Þannig myndi t.d. 1% veiking á gengi íslensku krónunnar að öðru jöfnu leiða til 1.750 mkr lakari rekstrarniðurstöðu Orkuveitu Reykjavíkur og tilsvarende hækkunar skulda á efnahag. Sjóðstreymi myndi versna um 171 mkr. Styrking á gengi krónu myndi að sama skapi skila sér í bættri afkomu. Veiking gengis leiðir yfirleitt til hækkunar verðlags sem síðan myndi skila sér í sjóðstreymi. Ef að verðbólgaustig reynist 1% hærra en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir veikir það í gegnum fjármagnslið afkomu A-hluta um 250 mkr en áhrifin á OR eru líklega þau að afkoma batnar um 60-65 mkr þegar horft er til áhrifa á smásöluverð, almennan rekstur og laun. Ef vextir á lánum OR myndu hækka um 1% gætu áhrifin leitt til um 560 mkr lakari afkomu ef ekki væru vaxtaskiptasamningar hjá OR sem hafa að miklu leyti læst inni þau hagkvæmu vaxtakjör sem fyrirtækið býr við. Ætla má að vextir á alþjóðamörkuðum hafi fyrst og fremst tilhneigingu til að hækka. Þessi áhrif myndu skila sér beint í samstæðuuppgjör.

Reykjavík 30. október 2012.